

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. mars 2016 í máli nr. S-516/2014:

Ákærvaldið

(Ásmunda Björg Baldursdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Braga Guðmundi Kristjánssyni

(Ragnar H. Hall hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 25. febrúar sl., er höfðað af embætti sérstaks saksóknara á hendur Braga G. Kristjánssyni, kt. 221244-3039, Mánatúni 3, Reykjavík, fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum, með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2008 og 2009 vegna tekjuáranna 2007 og 2008, en ákærði lét undir höfuð leggjast að telja fram á skattframtölum sínum fjármagnstekjur samtals að fjárhæð kr. 87.007.094, sem voru annars vegar hagnaður ákærða af sölu hlutabréfa, sem skattskyldur er skv. 8. tl. C-liðar 7. gr., sbr. 18. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og hins vegar tekjur ákærða af uppgjöri á samtals 58 framvirkum skiptasamningum, sem skattskyldar eru skv. 3. tl. C-liðar 7. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og hafa með því komið sér undan greiðslu fjármagnstekjuskatts samtals að fjárhæð kr. 8.700.709, sem sundurliðast sem hér greinir:

Gjaldárið 2008:

Fjármagnstekjur:

Hagnaður af sölu hlutabréfa	kr. 4.808.089
Skiptasamningar	kr. 47.526.992
Framtaldar tekjur vegna skiptasamninga	kr. -14.464.028
Þóknanir	kr. -3.370.852
Samtals vanframtaldar fjármagnstekjur	kr. 34.500.201

Vanframtalinn fjármagnstekjuskattur, skattprósenta 10% kr. 3.450.020

Gjaldárið 2009:

Fjármagnstekjur:

Vanframtaldar fjármagnstekjur, skiptasamningar	kr. 49.136.041
Þóknanir	kr. -3.612.894
Samtals vanframtaldar fjármagnstekjur	kr. 45.523.147
Vanframtalinn fjármagnstekjuskattur, skattprósenta 10%	kr. 4.552.315
Samtals vanframtaldar fjármagnstekjur:	<u>kr. 80.023.348</u>

Samtals vangreiddur fjármagnstekjuskattur: kr. 8.002.335

Skattskyld afleiðuviðskipti ákærða með skiptasamninga árið 2007, sem sundurliðast sem hér greinir:

Númer samnings	Lokadagur	Lokastaða	Þóknun	Tekjur
2006-205-1-0	6.2.2007	1.044.490	44.684	1.089.174
2006-205-3-1	26.3.2007	425.633	23.495	449.128
2006-205-4-0	8.2.2007	811.834	45.560	857.394
2006-205-5-0	12.2.2007	666.672	58.091	724.763
2006-205-6-0	26.1.2007	1.612.279	64.082	1.676.361
2006-205-8-0	15.2.2007	94.559	65.557	160.116
2006-205-9-0	22.6.2007	398.636	51.539	450.175
2006-205-10-0	22.6.2007	451.730	37.693	489.423
2006-205-10-1	19.9.2007	243.918	32.645	276.563
2006-205-11-0	1.2.2007	638.090	129.224	767.314
2007-205-3-0	20.4.2007	202.952	54.508	257.460
2007-205-4-0	30.1.2007	495.834	66.600	562.434
2007-205-5-1	22.5.2007	104.239	24.160	128.399
2007-205-6-0	20.4.2007	110.661	59.231	169.892
2007-205-7-0	13.4.2007	316.346	119.028	435.374
2007-205-8-1	16.8.2007	701.254	10.000	711.254
2007-205-9-0	20.3.2007	214.232	20.882	235.114
2007-205-10-0	26.3.2007	226.855	113.256	340.111
2007-205-11-0	30.3.2007	183.325	53.076	236.401
2007-205-12-0	8.6.2007	128.334	35.208	163.542
2007-205-12-1	13.9.2007	457.499	10.000	467.499
2007-205-13-0	23.5.2007	648.199	114.336	762.535
2007-205-14-0	29.6.2007	61.885	32.297	94.182
2007-205-15-0	1.6.2007	132.819	78.686	211.505
2007-205-17-0	24.7.2007	569.874	63.585	633.459
2007-205-18-0	30.7.2007	566.196	219.870	786.066
2007-205-20-0	23.7.2007	205.939	22.150	228.089
2007-205-22-0	5.7.2007	895.831	119.081	1.014.912
2007-205-23-0	15.6.2007	384.754	113.068	497.822
2007-205-24-0	16.7.2007	134.588	112.991	247.579
2007-205-25-0	22.6.2007	165.071	118.259	283.330
2007-205-31-0	7.8.2007	749.408	219.138	968.546

2007-205-32-0	7.8.2007	549.427	89.836	639.263
2007-205-33-0	2.10.2007	-29.563	42.771	13.208
2007-205-34-0	22.8.2007	59.761	33.056	92.817
2007-205-36-0	11.9.2007	28.736.229	744.000	29.480.229
2007-205-38-0	9.10.2007	373.673	30.460	404.133
2007-205-39-0	10.10.2007	349.287	33.609	382.896
2007-205-45-0	27.12.2007	73.390	65.140	138.530

Samtals: 47.526.992

Skattskyld afleiðuviðskipti ákærða með skiptasamninga árið 2008, sem sundurliðast sem hér greinir:

Samningsnúmer	Lokadagur	Lokastaða	Þóknun	Tekjur
2008-205-1-0	17.3.2008	50.725	212.629	263.354
2008-205-4-0	16.3.2008	5.324.473	208.798	5.533.271
2008-205-6-0	28.3.2008	1.240.579	163.433	1.404.012
2008-205-8-0	28.3.2008	1.687.209	88.680	1.775.889
2008-205-9-0	28.3.2008	760.211	101.050	861.261
2008-205-10-0	1.4.2008	566.679	175.395	742.074
2008-205-11-0	1.4.2008	626.139	164.165	790.304
2008-205-14-0	28.4.2008	2.599.283	163.428	2.762.711
2008-205-15-0	28.4.2008	419.589	206.613	626.202
2008-205-16-0	28.4.2008	1.368.072	196.360	1.564.432
2008-205-17-0	14.7.2008	1.070.600	186.064	1.256.664
2008-205-18-0	8.7.2008	4.169.981	230.759	4.400.740
2008-205-25-0	14.7.2008	4.230.536	236.735	4.467.271
2008-205-31-0	8.7.2008	1.172.489	177.726	1.350.215
2008-205-33-0	16.7.2008	338.214	212.922	551.136
2008-205-34-0	28.7.2008	481.589	174.306	655.895
2008-205-41-0	13.11.2008	8.855.585	337.671	9.193.256
2008-205-45-0	13.11.2008	6.521.346	175.349	6.696.695
2008-205-46-0	13.11.2008	4.039.848	200.811	4.240.659

Samtals: 49.136.041

Framangreind brot ákærða eru talin varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði neitar sök. Krefst hann sýknu og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greidd úr ríkissjóði.

Með kæru 12. nóvember 2012 vísaði skattrannsóknarstjóri ríkisins málefnum ákærða til rannsóknar hjá lögreglu vegna gruns um brot á ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eftir atvikum almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Í kærinni kemur m.a. fram að ákærði hafi vanrækt að gera grein fyrir skattskyldum tekjum vegna jákvæðs mismunar af framvirkum samningum vegna tekjuáranna 2007 og 2008.

Ákærði gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Kvaðst hann vera ákærður fyrir brot gegn lögum um tekjuskatt og almennum hegningarlögum vegna þess að skattframtöl sem fyrir ákærða hefðu verið gerð hefðu ekki reynst innihalda réttar upplýsingar. Hafi ákærði verið í góðri trú um að framtölin væru rétt. Hins vegar vissi hann að hann bæri alla ábyrgð á því að tekjur væru réttilega fram taldar. Hefði hann keypt sér aðstoð sérfræðinga til að sjá um þessi mál þannig að öllu væri til skila haldið. Hann vefengdi ekki að á hefði skort í þeim efnum. Vildi ákærði ítreka að það hefði ekki verið ásetningur hans að undanskilja neitt í framtölum sínum. Þegar villur hafi komið í ljós hafi hann látið skila leiðréttum gögnum og greitt allt sem á hann hefði verið lagt af opinberum gjöldum eftir það að meðtöldu 25% álagi. Teldi ákærði vafasamt að ákæruefnið væri þess eðlis að það gæti talist meiriháttar í skilningi 262. gr. laga nr. 19/1940.

Niðurstaða:

Ákærði neitar sök. Hefur hann fyrir dóminum viðurkennt að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2008 og 2009 vegna tekjuáranna 2007 og 2008 og látið undir höfuð leggjast að telja fram á skattframtölum sínum fjármagnstekjur samtals að fjárhæð 80.023.348 krónur sem hafi annars vegar verið vegna hagnaðar ákærða af sölu hlutabréfa, sem skattskyldar væru samkvæmt 8 tl. C-liðar 7. gr., sbr. 18. gr. laga nr. 90/2003 og hins vegar tekjur ákærða af uppgjöri á samtals 58 framvirkum skiptasamningum, sem skattskyldar eru samkvæmt 3. tl. C-liðar 7. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003. Með þessu hafi ákærði komið sér undan greiðslu fjármagnstekjuskatts, samtals að fjárhæð 8.002.335 krónur.

Frávísunarkrafa ákærða byggist á því að vísa eigi málinu frá héraðsdómi á grundvelli 4. gr. 7. sammingsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þar sem segi að enginn skuli sæta lögsókn eða refsingu að nýju fyrir sama brot. Þá vísar ákærði í þessu sambandi til 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Ákærði hafi sætt endanlegum úrskurði skattyfirvalda um álag á skattstofn vegna ætlaðra brota samkvæmt ákæru, en í því felist refsing. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur það ekki verið talið fara í bága við bann við endurtekinni málsmeðferð að stjórnvöld hafi gert manni að greiða skatt af álagi á skattstofn og sama manni séu síðan í öðru máli gerð viðurlög vegna sama brots, sbr. dóm Hæstaréttar 11. júní 2015 í máli nr. 550/2014 og aðra dóma réttarins sem þar er vísað til. Málinu verði því ekki vísað frá héraðsdómi á þessum grundvelli.

Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 skal skattskyldur maður, sem skýrir af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt sinn greiða fésekt allt að tíufaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem undan var dreginn og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Þá er mælt fyrir um það í 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga

að hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 1., 2. eða 5. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003, sbr. og 2. mgr. 22. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, auk fleiri nánar tiltekinnna ákvæða skattalaga, skuli sæta fangelsi allt að 6 árum. Jafnframt er þar kveðið á um heimild til að dæma fésekt að auki samkvæmt tilgreindum ákvæðum skattalaga. Eftir 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga telst verknaður meiri háttar brot samkvæmt 1. og 2. mgr. greinarinnar ef brotið lýtur að verulegum fjárhæðum, verknaður er framinn með sérstaklega vítavörðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög saknæmi brotsins, svo og ef maður, sem til refsingar skal dæma fyrir eitthvað þeirra brota sem getur í 1. eða 2. mgr., hefur áður verið dæmdur sekur fyrir sams konar brot eða eitthvert annað brot sem undir þau ákvæði fellur.

Ákærði skýrði rangt frá fjármagnstekjum sínum árin 2008 og 2009 vegna tekjuáranna 2007 og 2008 svo máli skipti um skattlagningu hans. Virða ber ákærða þetta til stórkostlegs hirðuleysis og var um meiri háttar brot að ræða í ljósi þess að brotið laut að verulegum fjárhæðum. Má um það meðal annars vísa til dóms Hæstaréttar frá 23. janúar 2014 í máli nr. 232/2013. Með hliðsjón af þessu verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í desember 1944. Hann hefur ekki áður sætt refsingu svo kunnugt sé. Með hliðsjón af atvikum málsins og réttarframkvæmd á þessu sviði sæti ákærði fangelsi í 3 mánuði, sem bundið verður skilorði með þeim hætti er í dómsorði greinir. Þá greiði ákærði sekt að fjárhæð 13.800.000 krónur, er renni í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, ella sæti ákærði fangelsi í 7 mánuði.

Verjandi ákærða gerir ekki kröfu um málsvarnarlaun verði ákærði sakfelldur í máli þessu. Með hliðsjón af því verður ekki kveðið á um að greiðslu sakarkostnaðar.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Ásmunda Björg Baldursdóttir saksóknarafulltrúi.

Símon Sigvaldason kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Bragi Guðmundur Kristjánsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 13.800.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella fangelsi í 7 mánuði.

Símon Sigvaldason